

Ed.

941. Breytingartillögur

[279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (KJ).

1. 1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir áframhaldandi undirbúningi að byggingu og rekstri verksmiðju á Reyðarfirði er framleiði kísilmálm.

2. 2. gr. orðist svo:

Undirbúningsvinnan skal vera í höndum sjö manna undirbúningsstjórnar sem kosin skal hlutfallskosningu á Alþingi. Iðnaðarráðherra skipar formann undirbúningsstjórnarinnar.

3. 3. gr. orðist svo:

Verkefni undirbúningsstjórnarinnar eru eftirfarandi:

- 1) Að láta halda áfram undirbúningi að hönnun verksmiðjunnar og mannvirkjum henni tengdum og leita staðfestra tilboða í búnað hennar og byggingu mannvirkja.
- 2) Að gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað svo og fjármögnunar-áætlun og gera aðrar þær athuganir er máli skipta fyrir endanlega ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar.
- 3) Að undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.
- 4) Að gera tillögur um skatta og gjöld fyrirtækisins.
- 5) Að undirbúa samninga um land, hafnaraðstöðu, vatnsréttindi og aðra þá aðstöðu á Reyðarfirði sem nauðsynleg er vegna rekstrar verksmiðjunnar.
- 6) Að kanna möguleika á samstarfi við Íslenska járnblendifélagið um byggingu og starfrækslu verksmiðjunnar.
- 7) Að láta fara fram rannsóknir, sem nauðsynlegar eru til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.
- 8) Að eiga viðræður við sveitarfélög á Austurlandi um eignaraðild þeirra að væntanlegu hlutafélagi til stofnunar og rekstrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og að gera tillögur um með hvaða hætti hvetja megi einstaklinga og fyrirtæki til þátttöku í félaginu.
- 9) Að semja drög að frumvarpi um stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

4. 4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram allt að kr. 25 000 000 eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt sem starfsfé undirbúningsstjórnarinnar og skoðist það sem fyrir fram hlutafjárgreiðsla ríkissjóðs vegna væntanlegrar hlutafélagsstofnunar.

5. 5. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31/12 1983 eða þar til ný lög taka gildi um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

6. Aðrar greinar frv. falli niður.

7. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frv. til laga um áframhaldandi undirbúning að stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.